

AÐALFUNDUR  
SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



HÓTEL HAMAR – BORGARNESI  
06. APRÍL 2016

# AÐALFUNDUR SSV 2016

AÐALFUNDUR SSV HALDINN Á HÓTEL HAMRI Í BORGARNESI  
MIÐVIKUDAGINN 6. APRÍL 2016

## DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar SSV og þeirra félaga og rekstrareininga sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs.
2. Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda.
3. Fjárhagsáætlun 2017
4. Starfsáætlun 2017
5. Kosning í stjórn SSV
6. Kosning í þær nefndir sem starfa á milli aðalfunda
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda
8. Kosning endurskoðanda
9. Önnur mál löglega fram borin

---

Fulltrúar á aðalfundi SSV 2016

---

**AKRANES**

---

Valdís Eyjólfsdóttir, bæjarfulltrúi  
Rakel Óskardóttir, bæjarfulltrúi  
Vilborg Þórunn Guðbjartsdóttir,  
bæjarfulltrúi  
Ingibjörg Valdimarsdóttir, bæjarfulltrúi  
Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri

**BORGARBYGGÐ**

---

Björn Bjarki Þorsteinsson,  
sveitarstjórnarfulltrúi  
Helgi Haukur Hauksson,  
sveitarstjórnarfulltrúi  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir,  
sveitarstjórnarfulltrúi  
Magnús Smári Snorrason,  
sveitarstjórnarfulltrúi

**DALABYGGÐ**

---

Ingveldur Guðmundsdóttir, formaður  
SSV  
Valdís Gunnarsdóttir,  
sveitarstjórnarfulltrúi,

**EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR**

---

Eggert Kjartansson, oddviti

**GRUNDARFJARÐARBÆR**

---

Eyþór Garðarsson, bæjarfulltrúi  
Rósa Guðmundsdóttir, bæjarfulltrúi  
Elsa Bergþóra Björnsdóttir, bæjarfulltrúi

**HELGAFELLSSVEIT**

---

Hilmar Hallvarðsson, oddviti

**HVALFJARÐARSVEIT**

---

Ása Helgadóttir, sveitarstjórnarfulltrúi  
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri  
Björgvin Helgason sveitarstjórnarfulltrúi

**SKORRADALSHREPPUR**

---

Árni Hjörleifsson, oddviti

**SNÆFELLSBÆR**

---

Kristín Björg Árnadóttir, bæjarfulltrúi  
Kristjana Hermannsdóttir, bæjarfulltrúi  
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

**STYKKISHÓLMSBÆR**

---

Hafdís Bjarnadóttir, bæjarfulltrúi  
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri

**STARFSMENN SSV**

---

Anna Steinsen  
Elísabet Haraldsdóttir  
Hrefna Bryndís Jónsdóttir  
Ólafur Sveinsson  
Margrét Björk Björnsdóttir  
Páll Brynjarsson  
Vífill Karlsson  
Kristján Guðmundsson

## Aðalfundur SSV

Ingveldur Guðmundsdóttir formaður SSV setti fundinn og bauð gesti velkomna og tilnefndi Björn Bjarka Þorsteinsson sem fundarstjóra og Margréti Björk sem ritara.

Björn Bjarki tók við fundarstjórn og þakkaði traustið. Hann bað kjörbréfanefnd að taka til starfa og tilnefndi þær Vilborgu Guðbjartsdóttur og Kristjönu Hermannsdóttur í kjörbréfanefnd. Þá tilnefndi hann þau Kristinn Jónasson, Ingibjörgu Valdimarsdóttur og Valdísi Gunnarsdóttur í kjörnefnd. Fundurinn samþykkti samhljóða tilnefningar fundarstjóra.

Fundarstjóri kynnti því næst dagskrá og bauð formanni SSV að kynna ársskýrslu SSV.

### DAGSKRÁ:

- 1. Skýrsla stjórnar SSV og þeirra félaga og rekstrareininga sem SSV ber ábyrgð á um starfsemi liðins árs ( sjá ársskýrslu SSV).**

Ingveldur Guðmundsdóttir flutti skýrslu stjórnar um starfsemi SSV

- Skýrsla formanns er í [Viðauka I, sjá hér](#).

- Ársskýrsla er í sér skjali.

Fundarstjóri þakkaði formanni fyrir yfirgripsmikla skýrslu um starfsemi SSV og tilkynnti að fyrirspurnir væru leyfðar eftir kynningu á ársreikningi.

- 2. Ársreikningar SSV og þeirra félaga sem SSV ber fjárhagslega ábyrgð á, ásamt skýrslu endurskoðanda.**

Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV gerði grein fyrir ársreikningi SSV og þeirra félaga og verkefna sem heyra undir þá starfsemi.

-Ársreikningar eru í sér skjali.

Framkvæmdsstjóri fór yfir helstu kennitölur og helstu frávik frá áætlunum í ársreikning fyrir Þjónustusvæði Vesturlands fyrir málefni fatlaðra og í ársreikning SSV.

Fundarstjóri bauð fólki að gera fyrirspurnir um ársskýrslu og ársreikning SSV. Engar fyrirspurnir komu fram og var ársskýrsla og ársreikningar samþykkt samhljóða.

### 3. Fjárhagsáætlun 2017

Framkvæmdastjóri lagði til að þessum dagskrárliði væri frestað fram á haustþing SSV – var það samþykkt.

### 4. Starfsáætlun 2017

Framkvæmdastjóri lagði til að þessum dagskrárliði væri frestað fram á haustþing SSV – var það samþykkt.

Að loknum fjórða dagskrárlið gerði Vilborgu Guðbjartsdóttir grein fyrir störfum kjörbréfanefndar og var það niðurstaða nefndarinnar að fundurinn væri löglegur.

### 5. Kosning í stjórn SSV

Fundarstjóri bað formann kjörnefndar, Kristinn Jónasson að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Kristinn Jónasson gerir grein fyrir störfum kjörnefndar og sagði að full samstaða hefði verið um þær tillögur að stjórnarmönnum sem lagðar voru fram.

#### Aðalmenn:

Valgarð Lygdal Jónsson  
Rakel Óskarsdóttir  
Magnús Smári Snorrason  
Guðveig Eyglóardóttir  
Ingveldur Guðmundsdóttir  
Eggert Kjartansson  
Eypór Garðarsson  
Hilmar Hallvarðsson  
Ása S. Helgadóttir  
Árni Hjörleifsson  
Kristín Björg Árnadóttir  
Hafdís Bjarnadóttir

#### Varamenn:

Gunnhildur Björnsdóttir  
Einar Brandsson  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir  
Sigríður Júlía Brynleifsdóttir  
Eypór Jón Gíslason  
Atli Sveinn Svansson  
Rósa Guðmundsdóttir  
Egill Valberg  
Stefán Ármannsson  
Jón Einarsson  
Björn Hilmarsson  
Sigurður Páll Jónsson

Jafnframt leggja þau það til að formaður stjórnar verði Kristín Björg Árnadóttir.

Fundarstjóri kallaði eftir öðrum tillögum. Engar aðrar tillögur koma fram og var tillaga að nýrri stjórn samþykkt með lófataki.

## **6. Kosning í þær nefndir sem starfa á milli aðalfunda**

Fundarstjóri tilkynnti að ekki þyrfti að kjósa í neinar nefndir sem starfa á milli ársfunda.

## **7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda**

Fundarstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu um þóknun nefnda og stjórnar.

Laun formanns SSV yrðu 6% af þingfararkaupi.

Laun annarra stjórnarmanna 3% af þingfararkaupi

Laun formanna nefnda 4% af þingfararkaupi

Laun annarra nefndarmanna 2% af þingfararkaupi.

Tillaga fundarstjóra var samþykkt samhljóða.

## **8. Kosning endurskoðanda**

Fundarstjóri bar fram tillögu um að KPMG yrði endurskoðandi SSV árið 2016. Tillaga fundarstjóra var samþykkt samhljóða.

## **9. Önnur mál löglega fram borin**

Fundarstjóri tilkynnti að engar tillögur höfðu borist um önnur mál

Nýkjörin formaður stjórnar bað um orðið og þakkaði kærlega fyrir það traust sem henni væri sýnt að vera kosin formaður SSV. Það væri öflugur hópur sem hefði verið kjörinn í stjórn og hún hlakkaði mikið til að takast á við þetta verkefni.

Fundarstjóri sagði þá dagskrána tæmda og bað nýkjörinn formann að koma í pontu og slíta fundi.

Formaður þakkaði fyrir góðan fund, þakkaði starfsmönnum fundarins og óskaði fundargestum góðrar heimferðar.

## Viðauki I

### Ræða formanns- Aðalfundur 2016

#### Inngangur

Fundurstjóri, ágætu fundarmenn

Í samræmi við lög SSV ber að leggja fram ársskýrslu um starfsemi á aðalfundi ár hvert. Starfsmenn SSV hafa unnið að því undanfarið að taka saman þá skýrslu sem liggur frammi hér á fundinum. Það er von okkar að skýrslan gefi glögga mynd af þeim verkefnum sem SSV sýslar með og verði sveitarfélögum, fyrirtækjum, stofunum, hagsmunasamtökum og einstaklingum góð heimild um starfsemina. Tilgangurinn með útgáfu á skýrslu sem þessari er líka að fræða og miðla þekkingu á þeim verkefnum sem unnin eru á vettvangi landshlutasamtaka, gera þær upplýsingar aðgengilegri og stjórnsýsluna gegnsærri og opnari.

Hér á eftir ætla ég að gera grein fyrir helstu verkefnum SSV á árinu 2015

#### Starfsemi SSV árið 2015

Eftir töluverðar breytingar á starfsemi SSV árið 2014 má segja að á árinu 2015 hafi því breytingaferli verið lokið og ýmis verkefni komin í fastar skorður að nýju. Segja má að stærsta verkefni ársins 2015 hafi verið innleiðing nýrrar sóknaráætlunar, en í febrúar var gerður nýr samningur við stjórnvöld um Sóknaráætlun Vesturlands sem gildir frá 2015 til 2019. Önnur verkefni voru í fastari skorðum s.s. atvinnuráðgjöf, rekstur almenningsamgangna, umsýsla með málefnum fatlaðra og umsjón með rekstri Sorpurðunar Vesturlands. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu verkefnum SSV.

#### Aðalfundur SSV og haustþing

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 25 mars. Framkvæmdastjóri SSV flutti skýrslu stjórnar og kynnti ársreikning samtakanna. Nokkur umræða varð um skýrsluna og ársreikinginn og má segja að stór hluti hennar hafi snúist um rekstur almenningsamgangna og fjármögun þeirra. Fundurinn samþykkt ársskýrslu og ársreikning.

Haustþing SSV fór fram á Hótel Glym í Hvalfjarðarsveit í 7 október. Fjöldi gesta sátu fundinn og þar sköpuðust líflegar umræður. Á fundinum voru lagðar fram tillögur að fjárhags- og starfsáætlunum fyrir árið 2016 og voru báðar tillögurnar samþykktar án breytinga. Fundurmenn störfuðu síðan í fjórum vinnuhópum; fjárhagsnefnd, samgöngunefnd,

atvinnumálnefnd og nefnd um opinbera þjónustu. Í lok fundar lögðu þessar nefndir fram sínar ályktanir sem hlutu samþykki fundarins. Sérstakt þema fundarins voru samgöngumál og því var efnt til pallborðsumræðna um málefnið. Líflegar umræður urðu um samgöngumál þar sem flestir fundarmanna og gestir tóku þátt og í lok umræðna var skorað á stjórn SSV að hefja vinnu við gerð samgönguáætlunar fyrir Vesturland. Sú vinna hófst núna í marsmánuði.

## Stjórn SSV og skrifstofa

Stjórn SSV hélt alls 7 fundi á árinu, en fundirnir fór fram á Akranesi, í Búðardal, Borgarnesi, á Hellissandi, í Grundarfirði, Hvalfjarðarsveit og í Laugargerði. Það var markmið stjórnar að funda í öllum sveitarfélögum á Vesturlandi og mun það markmið nást vorið 2016. Í tengslum við stjórnarfundir hafa fundarmenn fengið kynningar á starfsemi sveitarfélaganna og því sem efst er á baugi á hverjum stað.

Litlar breytingar urðu á starfsmannahaldi SSV árið 2015. Í árslok 2014 eru 8 starfsmenn hjá SSV í samtals 6.7 stöðugildum.

## Samstarf og hagsmunagæsla

Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti og helstu verkefni vegna þessa á árinu 2015 voru:

Formaður og framkvæmdastjóri SSV áttu þrjá fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga.

Stjórn SSV skipulagði sameiginlegan fund SSV og sveitarfélaga á Vesturlandi með þingmönnum kjördæmisins, en þetta eru árvissir fundir. Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendi frá sér umsagnir um nokkur mál og má þar nefna frumvarp um almenningssamgöngur og frumvarp um samgönguáætlun, en framkvæmdsstjóri SSV sótti fund umhverfis- og samgöngunefndar vegna umfjöllunar um þessi mál. Auk þess áttu starfsmenn SSV fundi með ráðuneytum og ríkisstofunum vegna ýmissa mála.

Í febrúar var haldinn sameiginlegur fundur framkvæmdastjóra sveitarfélaga á Vesturlandi þar sem ýmis hagsmunamál voru rædd.

Formaður SSV hefur undanfarin tvö ár átt sæti í samstarfsnefnd EFTA um sveitarstjórnarmál. Hann sótti fund í Noregi vorið 2015 og varaformaður sat fund vettvangsins í Brussel í nóvember. Samstarfsvettvangurinn mun funda í Stykkishólmi í júní 2016, en á þeim fundi mun setu formanns SSV í samstarfsvettvanginum ljúka í bili. Framkvæmdastjóri SSV hefur tekið þátt í alþjóðlegu verkefni f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga með systurfélagi



sambandsins í Slóvakíu. Hlutverk SSV hefur fyrst og fremst tengst umræðu um sameiningu sveitarfélaga og samstarf sveitarfélaga.

## Atvinnuráðgjöf

Atvinnuráðgjöfin starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum, en í gegnum þann samning koma rúmlega 19 mkr fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar. Í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind sem atvinnuráðgjöfinni ber að vinna að.

Verkefni eru mismunandi eftir svæðum og einnig er mismunandi hverjir leita til Atvinnuráðgjafar, en á síðastliðnu ári var nokkuð um að sveitarfélög leituðu til atvinnuráðgjafar með smá og stór verk. Einstaklingar og fyrirtæki hafa alla tíð sótt þjónustu til Atvinnuráðgjafar. Á síðasta ári var töluvert um að einstaklingar með hugmyndir um nýsköpun leituðu þangað, oft er verið að leita er eftir ráðgjöf um fjármögnun og gerð umsókna um styrki svo og ráðgjafar vegna starfsleyfa. Viðveruþjónustu er á öllum þéttbýlisstöðum svæðisins, auk þess sem leitast er við að bregðast við beiðnum frá hverjum stað utan viðverutíma, þannig að þjónustustigið á svæðinu öllu er nokkuð gott.

Þessu til viðbótar hefur Atvinnuráðgjöfin aflað sértekna með vinnslu á verkefnum fyrir aðila eins og t.d. ráðuneyti, opinberar stofnanir, hagsmunasamtök, rannsóknastofnanir og háskóla sem leita til okkar vegna þeirrar þekkingaruppbyggingar og rannsóknarverkefna sem unnin hafa verið hjá Atvinnuráðgjöf á undanförunum árum. Þessi þáttur fór vaxandi á síðasta ári.

Fyrirspurnir og erindi til Atvinnuráðgjafar eru 3 – 4 þús á ári af ýmsum toga.

## Sóknaráætlun Vesturlands

Frá hausti 2014 og fram í febrúarbyrjun 2015 stóð yfir undirbúningur að gerð samnings á milli ríkisins og landshlutasamtaka um sóknaráætlunir landshluta. Skrifað var undir samning við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- og menningarmálaráðuneytið í byrjun febrúar um Sóknaráætlun Vesturlands 2015-2019. Samningurinn felur fyrst og fremst þrennt í sér:

- stofnun á uppbyggingarsjóði Vesturlands sem kemur í stað menningar- og vaxtarsamnings
- mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland
- útfærslu og vinnu að sérstökum áhersluverkefnum fyrir landshlutann.

Samningurinn fól jafnframt í sér að ráðuneyti lögð árið 2015 kr.61.994.000 til Sóknaráætlunar Vesturlands auk þess sem sveitarfélög á Vesturlandi lögðu fram 11.660.000. Samtals hafði því sóknaráætlun til umráða kr.73.654.000.

Á árinu 2015 var lokið við stofun Uppbyggingarsjóðs og hóf hann starfsemi á árinu. Sjóðurinn úthlutaði kr. 48.455.000 til 90 verkefna. Styrkveitingar skiptust þannig:

- Menningarstyrkir	53 styrkir	kr.16.875.000
- Stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála	18 styrkir	kr. 8.380.000
- Styrkir til nýsköpunar í atvinnumál	19 styrkir	kr. 23.200.000

Vinna að mótun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Sóknaráætlun Vesturlands hófst í apríl og var ráðgjafafyrirtækið Alta ehf fengið til að vinna með SSV að verkinu. Í byrjun maí var haldinn stór stefnumótunarfundur í Borgarnesi þar sem þátt tóku um 70 aðilar frá öllum sveitarfélögum á Vesturlandi. Starfsmenn Alta og SSV unnu síðan úr gögnum fundarins og lögðu fram drög að Sóknaráætlun Vesturlands fyrir fund samráðsvettvangs í byrjun júní. Tillaga að stefnu og framtíðarsýn fyrir Sóknaráætlun Vesturlands var síðan samþykkt af stjórn SSV í júnílok og staðfest af stýrihópi stjórnarráðsins í september.

Í tengslum við vinnu að mótun stefnu og framtíðarsýnar var jafnframt unnið með áhersluverkefni fyrir Vesturland. Með hliðsjón af stefnumótunarfundinum var unnin tillaga að áhersluverkefnum sem samráðsvettvangur valdi úr verkefni sem síðan voru fullmótuð af starfsfólki SSV og endanlega samþykkt af stjórn. Á árunum 2015 og 2016 er unnið að fimm verkefnum á Vesturlandi, skipaðar hafa verið verkefnisstjórnir fyrir öll verkefni og gerðir samningar um verkefnisstjórn við ákveðna aðila. Verkefnin og verkefnistjórar eru þessir;

- Fjölgun iðnnema á Vesturlandi. Verkefnisstjóri Hekla Gunnarsdóttir Símenntunarmiðstöð Vesturlands.
- Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu. Verkefnisstjórn Signý Óskarsdóttir Háskólinn á Bifröst
- Menningarstefna Vesturlands. Verkefnisstjóri Elísabet Haraldsdóttir SSV og ráðgjafi er Environice
- Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi. Verkefnisstjóri Kristján Guðmundsson Vesturlandsstofa
- Nýsköpun og frumkvöðlar. Verkefnisstjóri Ólafur Sveinsson SSV

Stefnt er að því á þessum verkefnum verði öllum lokið í árslok 2016.

## Almenningssamgöngur

Frá árinu 2011 hefur SSV haldið utan um almenningssamgöngur á Vesturlandi eftir að hafa tekið yfir gömlu sérleyfin með samningi við Vegagerðina. Jafnframt hefur SSV haldið utan um verkefnið fyrir Vestfirðinga, Norðurland-vestra og leið 57 allt til Akureyrar. Haustið 2012 var núverandi fyrirkomulag tekið upp, samningur gerður við Strætó bs. um að skipuleggja leiðir, sjá um samskipti við verktaka sem aka leiðarnar og samskipti og þjónustu við notendur. Hlutverk SSV er því fyrst og fremst að vera í samskiptum við Vegerðina og innanríkisráðuneyti sem og að halda utan um fjármálalega umsýslu.

Reksturinn gékk erfiðlega haustið 2012 og urðu þá til skuldir sem í dag standa í um 11 mkr. Reksturinn var síðan í jafnvægi árin 2013, 2014 og 2015 og hefur tekist að greiða niður tæplega helming af þeim rekstrarhalla sem varð til árið 2012. Á árinu 2015 hefur verið unnið að því að ljúka samkomulagi við Eyþing um uppgjör á rekstri á leið 57 fyrir árin 2012 og 2013, auk þess að ná samkomulagi um fjárhagsforsendur fram til loka samnings árið 2018. Stjórnir landshlutasamtakanna samþykktu samning um ofnangreint í upphafi árs 2016. Þá hefur verið unnið að því að færa rekstur almenningssamgangna í Norðvesturkjördæmi inn í sérstakt félag og fékkst heimild frá Vegagerðinni til þess nýverið.

Rekstur almenningssamgangna er orðinn ansi stór þáttur í starfsemi SSV og mikilvægt er að vinna áfram að því að tryggja rekstrarforsendur verkefnisins, annars vegar með því að leysa fortíðarvandann frá 2012 og hins vegar með að tryggja að reksturinn gangi upp á næstu árum og að framlög ríkisins verði í takt við það sem upphaflega var samið um.

## Málefni fatlaðra

Í samþykktum fyrir Þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða kemur fram að stjórn SSV ber ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart sveitarstjórnnum á Vesturlandi. Framkvæmdin samningsins er hins vegar í höndum félagsþjónustu sveitarfélaganna. Samhæfing þjónustusvæðisins er í höndum þjónusturáðs sem skipað er forstöðumönnum félagsþjónustunar á þjónustusvæðinu.

Mikil umræða átti sér stað á árinu 2015 um fjárhagslegar forsendur fyrir rekstri málefna fatlaðra. Þessi umræða fór bæði fram á vettvangi stjórnar SSV sem og innan þjónusturáðsins. Ljóst er að tekjur hafa ekki staðið undir kostnaði félagsþjónustusvæða við fatlaða einstaklinga á Vesturlandi og afar lítið svigrúm hefur verið til þess að byggja upp frekari þjónustu þar sem þörf hefur verið á. Væntingar standa til þess að með auknum fjárveitingum í kjölfar endurmats á málaflokkum skapist traustari rekstrarforsendur. Samningur um þjónustusvæði Vesturlands um málefni fatlaðra er runninn út og þegar er hafin endurskoðun á samstarfi um þetta verkefni.

## Lokaorð

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf á fráfarandi starfsári og starfsmönnum SSV fyrir góð störf.